



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Umsögn: Frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði, 752. mál.

Siðfræðistofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði. Stofnunin styður frumvarpið í öllum meginatriðum, enda er í því fólgin mikilvæg réttarbót til handa trans- og intersexfólki. Marmkið lagasetningarinnar er að tryggja mannréttindi: rétt einstaklinga til þess að skilgreina kyn sitt sjálfir, rétt einstaklinga til þess að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar og rétt til líkamlegrar friðhelgi. Hún er til þess fallin að sporna gegn mismunun og fordómum.

Það vekur athygli að með bráðabirgðaákvæði I er frestað ákvörðun um þær reglur sem gilda skulu um breytingar á kyneinkennum barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni. Þess í stað er gert ráð fyrir skipan starfshóps sem fjalla mun um þetta efni og skila efnislegum tillögum. Þetta atriði snertir eitt grunnmarkmið frumvarpsins, um verndun líkamlegrar friðhelgi, með beinum hætti (sbr. 1. gr. og 3. gr. lið d). Í greinargerð kemur fram að ekki hafi tekist að sætta ólík sjónarmið um þetta efni. Telja má jákvætt að óleyst álitamál verði ekki látin hindra eða draga aðrar mikilvægar réttarbætur sem í frumvarpinu felast. Sömuleiðis er jákvætt að vandað verði sérstaklega til lagasetningar um svo vandmeðfarið málefni. Að því sögðu er rétt að undirstrika mikilvægi þess að tillögur starfshópsins liggi fyrir eins fljótt og unnt er.

Siðfræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Fyrir hönd Siðfræðistofnunar,

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Páll Rafnar Þorsteinsson', written in a cursive style.

Páll Rafnar Þorsteinsson,
Verkefnisstjóri